


## Þjóðgarðar og önnur verndarsvæði Bergur og Signý

Hér í þessari yfirferð okkar ætlum við að taka fyrir friðlýst svæði í og við Höfuðborgarsvæðið og í leiðinni fjalla um þær tegundir verndarsvæða sem notast er við hér á Íslandi. Í þetta sinn ætlum við að stökkva af stað í rútuferð og koma við á ólíkum stöðum sem við flest eflaust þekkjum í sjón, það eru svæði á borð við Ástjörn í Hafnarfirði, Borgir í Kópavogi og Gálgahraun í Garðabæ, Fossvogsbakka í Reykjavík. Við stoppum eða stöðrum við á átta mismunandi stöðum, tökum rölt um svæðið og fræðumst í leiðinni, þegar við erum hálfnuð með ferðalagið tökum við okkur nestispásu. Aldrei er að vita að við munum hér fræðast um fyrirbæri sem við sum umgöngumst dagsdaglega en vitum kannski ekki jarðfærðilega sögu og aðrar merkilegar staðreyndir um. Með þessum leiðangri okkar langar okkur til þess að kynna fyrir ykkur þau svæði sem leynast í borgarlandslaginu. Við þurfum ekki alltaf að leita langt til að komast í eitthvað safaríkt ferðalag. Leggjum af stað, en fyrst um sinn skulum við ræða um þessa flokkun sem við á Íslandi notum, Þjóðgarðar, Friðlýstar náttúrumyndir - Friðlýst svæði og Fólkvangar.



## Þjóðgarðar

Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúruvari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.

## Frilýstar náttúrumyndir - Friðýst svæði

Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar.

Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkvæmt þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.

Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þau fái notið sín.

Friðland. Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði friðlönd.

## Fólkvangur

Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri, að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það (þau) þá bera fram ósk til Náttúruverndarráðs um slíkt. Skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunnir að setja umráðarétti eigenda lands, sem um er að ræða, og annað, er máli skiptir. Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað, sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs, að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega. Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd er starfar í samráði við Náttúruverndarráð.

## Ferðalagið

Við hefjum rútuferðina við upphaf gönguleiðarinnar upp á Helgarfell og endum hana þar síðar í dag. Hér eru næg bílastæði, en þó viljum við hvetja fólk til að sameinast í bíla ef kostur er á. Hittumst fyrir framan rútna klukkan 09:00 og byrjum á því að röltu um svæðið. Við átælum að ferðalagið okkar endi klukkan 16:00 seinni partinn á sama stað. Gengið verður um 7 km samtals milli þess sem við flökkum á milli staða á rútnu, sumstaðar förum við ekki út úr rútnu heldur fræðumst á ferð og horfum yfir. Við hlökkum til dagsins með ykkur!

## Kaldárhraun í Hafnarfirði

Svæðið sem við stöndum á varð friðlýst sem náttúruvætt árið 2009 og var verndun helluhrauns og fagrar klettamyndanir frá eldstöðinni Búrfelli ástæða friðlýsingarinnar. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði fyrir höfuðborgarbúa en í senn sprettur hér upp vatn sem rennur um heimili Hafnfirðinga. Hér á svæðinu hefur verið starfræktar sumarþúðirnar Kaldársel í heil 95 ár. Búskap var ekki sinnt héðan, en þó voru nokkrir sem létu á það reyna sem gekk þó ekki upp, nema hjá þeim fátæku bændum sem fengu að hafa kindur sínar í seli hér. Sú hefð varð ekki lengi enda

lítið um beitarland, aðeins góða vatnsuppsprettu. Kaldárhraun er heillt og órsakað helluhraun og á hraunið upptök í austari gíg við norðurenda Gvendarselshæð. Fræðslu og útivistargildi staðarins er metið mjög hátt enda mikið um að útivist að ýmiskonar tagi sé stunduð á svæðinu.



### Ástjörn í Hafnarfirði

Tjörnin í Hafnarfirði, Ástjörn er ekki tjörnin sem þið haldið að rætt sé um, enda er eina sanna tjörn í Hafnarfirði aðeins lækur sem rennur um stórt svæði í hjarta bæjarins. Ástjörn er fyrirbæri sem á sér enga hliðstæðu í nágrenni Reykjavíkur. Hún er staðsett örstutt frá íþóttasvæði Hauka, milli Áslands og Vallanna. Í og við tjörnina er mikil flóra og dýralíf. Þar er að finna eina flórigoðavarpíð á Suðvesturlandi, en flórigoði er eini goðinn sem verpir á Íslandi. Fuglinn minnir á litla önd, en er líkari brúsum í útliti og háttarni. Hann er auðþekktur á þríhyrningslaga höfði, hálsi sem er mjór og teygir sig oft. Merkilegur fugl sem við ættum að skyggjast eftir. Ástjörn á tilveru sína að þakka hrauni sem lokaði fyrir afrenslu úr dalnum sem tjörnin er í dag. Því má segja að hún sé uppistöðutjörn lokuð af hrauni sem rann fyrir mörghunduð árum. Vötn sem þessi eru oft vogskorin og fremur næringarrík og hægt er að segja að Ástjörn beri af hvað líf dýra og planta varðar.



## Gálgahraun í Garðabæ

Ástæða friðunar á Gálgahrauni er verndun nyrsta parts Búrfellshrauns, en sá hluti hraunsins sem rann út í sjó, en þar eru merkilegar söguminjar, jarðmyndanir og lífríki. Svæðið er að mestu ósnortið, en merkilegt nokk er að úthafsaldan hefur lítið sem ekkert náð að krafsa af því í innvíkum Arnarnesvogs og Lambhúsatjarnar. Því er hraunið að mestu leiti eins og þegar það rann. Hér eru merkilegar söguminjar að finna og er ein af þeim Fógetagata, en það var alfaraleið Álfnesinga áður en vagnfær vegur var lagður, gatan var kölluð Fógetagata á meðan fulltrúar konungs voru á Bessastöðum. Leiðin var greið á góðum degi, en gat reynst erfið yfirferðar í dimmu og veðri vondu. Gatan sést greinilega, enda hefur hún grafist í hraunið undan þunga fólks og fyrirbæra í mörg ár. Annað undarlegt fyrirbæri þessa hrauns eru Gálgaklettur sem hraunið er einmitt skírt í höfuðið á. Þrír klettur, Vestur Gálgi, Mið Gálgi og Austur Gálgi og eru þeir dimmari að sjá en annað hraun í umhverfinu. Í gegnum árin hafa klettarnir hrætt fólk sem á þarna leið hjá. Sögur fólks segja að sakamenn hafi verið hengdir í Hálgakelttum, en ekki eru til heimildir á riti um það mál, en þó hafa hér fundist manna bein í nágrenni klettanna.



## Víghólar í Kópavogi

Svæðið var friðlýst árið 1983, en þar eru að finna grágrýtist klappir sem eru jökulsorfnar og kallast það fyrirbæri Hvalbök. Hvalbök myndast þegar jökull skriður yfir land og grjót og rispar það, þessar rákir liggja frá suðaustri til norðvesturs og segir það okkur til um legu jökulsins. Þessar rákir til fyrir 10.000 árum. Víghólar eru 74 metra yfir sjávarmáli og virðist vera hluti af víðáttu miklum berggrunni á höfuðborgarsvæðinu sem gegnur undir nafninu Reykjavíkgrágrýti. Steintegundin er ung grágrýtismyndun og er aldurinn líklega 300.000 - 400.000 ára, en upptök hraunsins eru óþekkt. Að sögn Erlu Stefánsdóttur má sjá ljósstrengi frá Víghól milli huldubyggða á stóru svæði í nálægum bæjum. En í sjálfum hólnum má finna einskonar musteri hulduvera á háu tíðnissviði og í stökum húsum á hólnum búa rólyndislegir dvergar með ljúfar árum.



## Borgir í Kópavogi

Borgir eru staðsettar efst á Kársnesinu í Kópavogsbæ. Þetta svæði var friðlýst sem náttúruvætti árið 1981. Í lok ísaldar þegar jökullinn hóf að hopa fyrir 10.000 árum var Borgarholtið aðeins sker úti fyrir landi. Aldan skolaði í burt smágrjóti en skildi þó eftir lágbarða grágrýtist hnullunga sem eru einkennandi fyrir þetta svæði, Borgir.



## Fossvogsbakkar í Reykjavík

Fossvogsbakkar í miðri Reykjavík voru friðlýstir 1999. Þetta er fallett svæði sem þó fer oft framhjá fólki þegar það gengur eða hjólar stíginn út með Fossvogsdal, að Nauthólsvík. Þar í leyni undir sjávarkambinum eru 11.000 ára gömul set sjáanleg og auðaðgengileg. Lögin eru að finna á 2 km löngu svæði og eru allt að 5 m þykk þar sem þau eru þykkust. Neðsta lagið er jökulsetlag sem er um 1-200 þ ára gamalt, þar ofan á er sjávarsetlag með steingerfingum en þar ofaná er jökulberg frá síðustu ísöld. Af þessum jarðlögum má læra, hægt er að sjá mikilvægar vísbendingar um loftslagsbreytingar, landslangmyndun, sjávarstöðu og lífríki á grunnsævi. Við eða á bökkunum er einnig að finna menningarminjar, einkum frá seinni heimsstyrjöld, hér eru um að ræða húsgrunna sem tilheyrðu herbúðunum Camp Mable Leaf.



## Lundaey í Kollafirði

Það er gaman að koma að Lundaey í Kollafirði, þar er hægt að sjá Lunda sem maður annars sér mest í eyjum eða fyrir norðurlandi. Td. Grímsey eða Langanesi - en Lundaey er bara steinsnar frá Geldinganesi, í Reykjavík. Þó við heimsækjum hana ekki í dag þar sem fararmátinn er fótgangandi eða akandi þá ætlum við að virða þessa fallegu eyju fyrir okkur héðan. Eyjan er mjög nýlega friðlýst sem friðland, en það átti sér stað 8. júní 2021 síðastliðinn. Eyjan er í Kollafirði á milli Geldingarness og Brimness á Kjalarnesi. Eyjan telur 400 metra að lengd og 150 metra á breidd þar sem hana er breiðasta að finna. Eyjan er að mestu úr grágrýti, þó algróin og mikið um stórar þúfur. Sjófuglabbyggðin er það sem verndargildið ber hvað hæst, en þar eru stundum getur farið yfir 10.000 lunda pör ár ári. Þó eru allir fuglar sem búa á eyjunni og verða þar á válista, lundinn, ritan, æður og teista.



## Háubakkar í Reykjavík

Háubakkar eru við Elliðavog sunnanverðan. Þarna er aftur auðvelt aðgengi að nátturumynjum, fyrir almenning, inni í Reykjavík. Svæðið var friðlíst árið 1983 og þar eru að finna þykk setlög sem bera merki um áhrif loftslagsbreytinga á ísöld. Þessi setlög tilheyra Elliðavogslögum sem mynduðust á löngu tímabili sem hófst fyrir meira en 300.000 árum og varði í að minnsta kosti 100.000 ár. Í lögnum eru að sjá þurrlandis og sjávarset, sem bendir til þess að sjávarstaðan hafi verið breytilegt á þessum langa tíma. Hérna er aðgengi að þessu gríðarlega stóru setlögum sem spanna yfir allt Brimnes snuður að Álftanesi, sem gerir okkur kleift að læra og vita meira um hvað hefur gengið á hér forðum daga.





**Heimildir:**

<https://ferlir.is/kaldarsel-sagan/>

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/astjorn-og-asfjall-hafnarfirdi/>

<https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=1&id=56>

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/kaldarhraun-og-gjarnar/>

